



# Framhaldsskólinn á Húsavík

Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki

## Reglur um útleigu á húsnæði Framhaldsskólans á Húsavík

Heimilt er að leigja út skólahúsnæði Framhaldsskólans á Húsavík til ýmiss konar fundarhalds, námskeiðshalds og annarra samkoma til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja. Einnig til einstaklinga til veisluhalds.

Neysla áfengis, tóbaks, rafretta og annarra vímuefna er með öllu óheimil í húsnæði skólans og á skólalóð.

Gestir skulu fara úr útiskóm og skilja eftir í skóhillum við aðalinngang nema um annað sé samið sérstaklega.

### Gjaldskrá

Leiga á kennslustofu/fundaraðstöðu dagvinnutíma (kl. 8:15-16:00 virka daga)	4.000 kr. á klst.
Leiga kennslustofu/fundaraðstöðu utan dagvinnutíma	5.000 kr. á klst.
Heils dags leiga á sal	40.000 kr.

Innifalið í leiguverði er:

- notkun á skjávörpum
- aðgangur að þráðlausu neti skólans
- hljóðkerfi ef um er að ræða sal skólans eða stofu 7
- notkun á því leirtaui sem til er
- notkun á kaffivél (dælukönnu) skólans og uppþvottavél
- ræsting

Leigutaki skal sinna yfirborðsþrifum, þ.e. ganga frá rusli, þvo leirtau o.s.frv. Ef frágangur telst ekki fullnægjandi er leigutaki krafinn um aukagreiðslu allt að 15.000 kr.

Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á húsnæði og búnaði sem hann leigir og þar með skaðabótaskyldur verði hann eða einstaklingar á hans vegum valdir að skemmdum.

Leiga miðast við venjulega uppröðun í skólastofum. Þurfi að breyta henni, bætast 5.000 kr. aukalega við reikning.

Ekki er gert ráð fyrir að húsnæði skólans sé leigt út eftir kl. 23:00 nema um það sé sérstaklega samið. Aðeins er hægt að leigja sal skólans þegar skólastarf er ekki í gangi.

Útleiga á sumartíma er háð sumarleyfum starfsfólks.

Ef moka þarf bílastæði vegna útleigu, bætist sú fjárhæð við reikning.